

## AUGLÝSING

### um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) vegna innrásar Íraka í Kúvæt.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að breyta ráðstöfunum sem ákveðnar voru í fyrirmælum dags. 9. október 1990, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 331/1990, til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 661 (1990) frá 6. ágúst 1990 vegna innrásar Íraka í Kúvæt, og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Írak og fluttar eru út þaðan eftir 6 ágúst 1990.

2. Starfsemi íslenskra ríkisborgara, eða starfsemi sem fer fram á Íslandi, sem ætlað er að stuðla að útflutningi eða umfermingu vara frá Írak, er óheimil. Auk þess eru viðskipti íslenskra ríkisborgara eða viðskipti, sem fara fram á Íslandi, með vörur, sem upprunnar eru í Írak og fluttar eru út þaðan eftir 6. ágúst 1990, óheimil, ásamt notkun íslenskra skipa í slíkum viðskiptum.

3. Íslenskum ríkisborgunum er óheimilt að selja eða útvega aðilum í Írak vörur, eða selja eða útvega vörur í þágu fyrirtækis sem rekið er í Írak eða stjórnað er þaðan. Auk þess er óheimilt að selja eða útvega slíkar vörur frá Íslandi eða nota til þess íslensk skip. Starfsemi íslenskra ríkisborgara eða starfsemi, er fer fram á Íslandi, sem ætlað er að stuðla að slíkri sölu eða útvegun, er ennfremur óheimil.

4. Íslenskum ríkisborgurum og öðrum aðilum á Íslandi er óheimilt að útvega ríkisstjórn Íraks eða fyrirtækum í Írak fjármuni eða veita þeim aðra fjárhagslega eða efnahagslega fyrirgreiðslu, eða inna af hendi greiðslur til annarra aðila í Írak.

5. Undanþegin ákvæðum 3. tl. hér að framan eru sjúkragögn og matvæli notuð í mannúðarskyni. Ennfremur eru undanþegnar ákvæðum 4. tl. hér að framan greiðslur til sjúkrahjálpar, greiðslur í mannúðarskyni og matvæli notuð í mannúðarskyni.

Hver sá, sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum, skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 331/1990.

*Utarríkisráðuneytið, 28. apríl 1992.*

**Jón Baldvin Hannibalsson.**

*Þorsteinn Ingólfsson.*